

## Glasgow

Vesturgötu 5a

Eftir að þrengdist um leiksýningar í Gildaskálanum fluttu reykvískir áhugaleikarar sig yfir í Glasgow. Glasgow var mikil bygging sem var reist árið 1863 við Vesturgötu 5A. Hún var í upphafi verslunarhús. Stór salur var í miðju húsinu sem mun hafa rúmað allt að 200 manns. Þar voru haldnar samkomur af ýmsu tagi, þar á meðal leiksýningar. Síðar var húsinu breytt í íbúðahús, en árið 1903 brann það til grunna.

Meðal þeirra leikrita, sem þar voru sýnd má nefna útilegumannaleikinn *Hellismenn* Indriða Einarssonar veturinn 1873-74. Það var síðasta sýning sem Sigurður Guðmundsson málari vann að. Kalt var í húsinu þann vetur og varð Sigurður innkalsa við vinnu sína að leiktjöldunum. Eftir það náði hann ekki fullri heilsu og lést næsta haust. Eftir fráfall hans dofnaði mjög yfir leikstarfsemi í Reykjavík.

Kristján Ó. Þorgrímsson, kaupmaður í Reykjavík, hefur oft verið talinn fyrsti leikari Íslandssögunnar. Kristján er trúlega eini leikarinn sem lék í öllum helstu leikhúsum 19. aldar: Gildaskálanum, Glasgow, Gúttó, Fjalakettinum og Iðnó. Hann var feykilega vinsæll skop-leikari, eins konar Laddi síns tíma. Árið 1905 varð hann sænskur konsúll og hætti þá að leika ný hlutverk. Hann kom þó oft fram í gömlum glansrullum og var nýorðinn formaður Leikfélags Reykjavíkur þegar hann dó haustið 1915.



Kristján Ó. Þorgrímsson.



Leiktjald eftir Sigurð Guðmundsson málara sem sýnir útilegumannahelli. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

